

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 139/2012

2012/EES/63/17

frá 13. júlí 2012

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2012 frá 15. júní 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Viðtækt kerfi fyrir vöktun jarðar er afar þýðingarmikið fyrir sjálfbæra stjórnun Norður-Evrópu og norðurskautssvæðisins.
- 3) Noregur hefur lagt sitt af mörkum til þróunar á evrópskri áætlun um vöktun jarðar (GMES), bæði innan 7. rammaáætlunar Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni (árin 2007 til 2013) og sem aðili að Geimvísindastofnun Evrópu.
- 4) Rétt er að auka samstarf samningsaðila þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 911/2010 frá 22. september 2010 um evrópsku áætlunina um vöktun jarðar (hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES)) og upphafsáðgerðir hennar (2011–2013) <sup>(2)</sup>.
- 5) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2012 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 6. mgr. hljóði svo:

„Mat og veruleg stefnubreyting hvað varðar starfsemi sem tengist rammaáætlunum um starfsemi Sambandsins á sviði rannsókna og tækniþróunar sem um getur í 5. mgr., málsgrein 8a og 8c, og 9. og 10. mgr. skal fara fram með þeim hætti sem um getur í 3. mgr. 79. gr. samningsins.“

2. Eftirfarandi málsgreinar bætist við á eftir málsgrein 8b:

„8c. a) EFTA-rikin skulu frá 1. janúar 2012 taka þátt í starfsemi sem leitt gæti af eftirtalinni gerð:

– **32010 R 0911**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 911/2010 frá 22. september 2010 um evrópsku áætlunina um vöktun jarðar (hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES)) og upphafsáðgerðir hennar (2011–2013) (Stjtið. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 1).

b) EFTA-rikin skulu taka þátt í kostnaði við starfsemi sem um getur í staflið a) í samræmi við ákvæði stafliðar a) í 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við samninginn.

c) EFTA-rikin skulu taka fullan þátt, þó án atkvæðisréttar, í störfum allra nefnda Sambandsins sem eru framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til aðstoðar við stjórnun, mótun og framkvæmd starfseminnar sem um getur í staflið a), nánar tiltekið GMES-nefndarinnar, öryggismálanefndarinnar og notendavettvangsins.

d) Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til Liechtensteins.

e) Gildistöku þessarar málsgreinar skal frestað að því er Ísland varðar þar til sameiginlega EES-nefndin ákveður annað.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 48.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 1.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2012.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.